

6. Stjórnarfundur Andvara 2010 – 2011

Fundurinn var haldinn mánudaginn 18.apríl kl.19:00.

Mætt voru *Ingibjörg G. Geirsdóttir, Guðjón Árnason, Hrafnhildur Pálsdóttir, Hulda Jóhannsdóttir, Sigfús A. Gunnarsson og Þórdís Anna Gylfadóttir.*

Dagskrá fundarins

Landsmót 2011

- Samkvæmt félagatali 15.apríl 2011 mun Andvari senda fimm keppendur í hverjum flokki á landsmót

Félagsheimili

- Stjórnin er mjög ánægð með þær lagfæringar sem hafa átt sér stað í félagsheimilinu.
- Búið er að skipta um hurðir á salernum og mála handriðið á stiganum.
- Ætlum að leita eftir tilboðum í að slípa stiganum.

Reiðhöll

- Það þarf að kaupa borð til að hafa í reiðhöllinn vegna þess að borðin í félagsheimilinu fara svo illa á því að vera færð niður í reiðhöll
- Einnig er til athugunar að útbúa hornið betur þannig að hægt sé að vera með almennilega veitingasölu þegar þess þarf

Rekstrarhringur

- Guðjón er byrjaður er á framkvæmdum við rekstrarhring en vantar meiri burðarefni ofan í hann.

Styrkir

- TM ætlar að styrkja félagið um 60.000 fyrir íþróttamót Andvara.

Heimasíðan

- Þórdís ætlar að setja stundatöflu fyrir reiðhöllina í hverri viku

N1 kortin

- Öllum hestamönnum stendur til boða að fá N1 kortið með sérkjörum og um leið geta viðkomandi aðilar valið sitt hestamannafélag til þess að styrkja. Hálf króna af hverjum seldum lítra rennur þá sem fjáröflun til viðkomandi félags.
- Æskulýðsnefndin ætlar að taka að sér að safna umsóknum fyrir kortum þar sem við fáum 800kr fyrir hvern þann sem sækir um N1 kort.
- Þeir aðilar sem nú þegar hafa N1 kort geta að sent tölvupóst til LH á hm@landsmot.is eða hringt í síma 514-4030 með ósk um hvaða hestamannafélag það vill að kortið sitt styrki og mun sú ósk í engu breyta um kjör viðkomandi hjá N1. LH mun síðan koma þeim skilaboðum áleiðis til N1.
- Þess má geta að hver N1 korthafi fær 1000 króna afslátt af hverjum miða inn á Landsmót hestamanna 2011 og 2012

Fundi slitið.